

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á opnum tollkvótum á svínakjöti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum á svínakjöti samkvæmt viðauka IV A og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Verðtollur %	Magntollur kr./kg	
<i>Tollskrárnúmer: Svínakjöt, fryst:</i>				
0203.2901	Hryggir og hryggsneiðar	24.10.-28.11.17	0	281
0203.2905	Hryggvöðvar	24.10.-28.11.17	0	498
0203.2906	Vöðvar af læri	24.10.-28.11.17	0	352

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A, búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 28. nóvember 2017.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. október 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Eggert Ólafsson.**

*Birgitta Kristjánsdóttir.*